

Skólaráð Lækjarskóla

12. fundur skólaráðs, haldinn í Lækjarskóla 18. maí 2011 kl. 8:20.

Gengið til dagskrár samkvæmt fundarboði:

1. Hjólreiðar nemenda til og frá heimilum í skólann

Samþykktar voru reglur um reiðhjólanotkun í Lækjarskóla og verða þær sendar til foreldra.

2. Vorannir og skólaslit

Samþykkt var tillaga um að flytja útskrift 10. bekkja fram til 6. júní í stað 7. júní 2011. Starfsmenn koma til með að hjálpa til við útskrift 10. bekkja eins og verið hefur. Starfsmenn sjá um veitingar á útskriftardegi.

Skrifstofan verður opin til 24. júní.

3. Viðurkenningar

Lækjarskóli var að fá viðurkenningar fyrir góðan árangur í smásögu/ritgerðarkeppni á ensku, en keppnin er haldin er á vegum Félags enskukennara, kanadíska og indverska sendiráðsins. Ingibjörg Hulda Guðmundsdóttir hlaut 2. verðlaun á landsvísu. Þrír aðrir nemendur fengu viðurkenningu fyrir áhugaverðar sögur.

4. Frá nemendum

Nemendur sátu ekki fundinn.

Skólastjóri lýsti yfir ánægju sinni með prúðmennsku og háttvísi nemenda.

Fram kom hjá skólastjóra að nemendur Lækjarskóla reykja ekki og brúka ekki munntóbak. Jón Ragnar hjá Krabbameinsfélaginu var með góðan fyrirlestur fyrir nemendur.

5. Frá foreldrum og grenndarsamfélagi

Hjá foreldrafélaginu er árvísið að vera með piparkökudag og vorhátíð sem er nýyfirstaðin. Foreldrar eru duglegir að mæta í yngri bekkjum en það dregur úr þátttöku eftir því sem börnin eldast.

Hugmynd kom fram um að í upphafi hvers skólaárs verði sent heim upplýsingablað til foreldra þar sem fram kemur hvert hlutverk foreldra er. Blaðið yrði gert í samstarfi skólans og foreldrafélagisins. Rætt var um hugsanlegan flutning heilsdagsskólans til ÍTH og lýstu foreldrar yfir ánægju með starfsemi hans en jafnframt áhyggjum af stöðu heilsdagsskólans ef starfsemi hans raskaðist vegna flutnings. Bent var á af fulltrúa foreldra að tilkynningar um prófadagar þurfa að berast fyrir til foreldra.

6. Fjárhagsáætlun og staða starfseminnar.

Farið yfir stöður og stöðuhlutfall almennra starfsmanna, hvernig niðurskurði skólaliða er mætt fyrir næsta skólaár. Með tilfæringum og með því að hafa á síðasta skólaári ekki ráðið í þau störf skólaliða sem hafa losnað, hefur orðið til þess að ekki þarf að segja upp almennu starfsfólki.

Úthlutun kennslumagns hefur snarminnkað s.l. 4 ár, samkvæmt samanburði milli ára.

Alls 8,6 stöðugildi hafa horfið úr skólanum á þessum tíma.

Verið er að leita leiða til spara í skólanum á ýmsum sviðum þar sem einnig þarf að draga saman í öðrum rekstri um 6 milljónir.

Sérdeildirnar eru að taka nemendur inn nemendur úr öllum skólahverfum í Hafnarfirði og hefur verið tekið tillit til þess.

7. List og verkgreinar:

Áhyggjuefni af úthlutun vegna list og verkgreinum. Sérmenntaðir kennarar eru starfandi í þessum fögum og er vilji til að halda því áfram en vegna fjárhagsáætlunar verður það kannski ekki mögulegt í því formi sem er í dag.

Kórinn, í honum eru 140 nemendur í dag. Hann er góð viðbót við listalíf í Lækjarskóla.

8. Náms og barnsburðarleyfi starfsmanna:

Á fundinum var farið yfir lista yfir þá kennara, stuðningsfulltrúa og leiðbeinanda sem eru lausráðnir. Einnig eru Haraldur skólastjóri og fjórir kennarar að fara í námsleyfi og fjórir kennarar/þroskaþjálfar að fara í barnsburðarleyfi.

9. Staðgenglar:

Arna Björný Arnardóttir aðstoðarskólastjóri, leysir Harald skólastjóra af og Guðlaugur Baldursson verður aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri í 8. – 10. bekk og Sigríður Valdimarsdóttir verður deildarstjóri í 1. – 7. bekk. Kristín Laufey Reynisdóttir verður verkefnastjóri í 1. og 2. bekk.

10. Önnur mál:

Hekla Arnardóttir, kom á fundinn og kynnti hugmynd um að halda Skólaping í Hafnarfirði næsta haust.

Fundi slitið kl. 9:35

Fundinn sátu:

Haraldur Haraldsson, skólastjóri

Nanna Pétursdóttir, formaður foreldrafélags, fulltrúi foreldra

Hafrún Dóra Júlíusdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags.

Oddný Jóhannesdóttir, fulltrúi starfsmanna

Fundargerð ritaði Sólrún Helgadóttir